



Fréttatilkynning

11 Apríl 2025 14:05:00 GMT

Arion banki: Tilkynning um framkvæmd endurkaupaáætlunar

Þann 11. apríl 2025 veitti Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands Arion banka heimild til endurkaupa á eigin bréfum að upphæð allt að 3,0 milljörðum króna, bæði á Íslandi og á heimildarskírteinum (SDR) útgefnum í Svíþjóð, ásamt lækkun hlutafjár. Stjórnendur bankans hafa í kjölfar þess ákveðið að hefja endurkaup sem nema allt að 3,0 milljörðum króna, eða allt að 19.867.500 hluti og SDR, sem samsvarar um 1,4% af útgefnu hlutafé bankans.

Íslandsbanki hf. mun hafa umsjón með framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar á Íslandi og í Svíþjóð. Mun Íslandsbanki hf. taka allar viðskiptaákvörðanir er varða kaup á hlutum og tímasetningu kaupanna óháð Arion banka hf. Áætlunin tekur gildi á báðum mörkuðum þann 14. apríl 2025 og gildir til 31. desember 2025. Arion banki hf. hefur heimild til að stöðva framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar hvenær sem er á þessu tímabili. Markmið endurkaupa er að lækka hlutafé bankans í samræmi við arðgreiðslustefnu.

Heimilt verður að kaupa allt að 397.350 SDR í Svíþjóð, sem samsvarar 0,03% af útgefnum hlutum og allt að 19.470.150 hluti á Íslandi, eða sem svara til 1,37% af útgefnum hlutum bankans (samtals um 1,4% af útgefnum hlutum). Fjárhæð endurkaupanna skal ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 60.000.000 kr. í Svíþjóð og 2.940.000.000 kr. á Íslandi (samtals 3,0 milljarðar króna). Við upphaf endurkaupaáætlunarinnar á bankinn 18.815.916 eigin hluti sem jafngildir um 1,33% af útgefnum hlutum bankans.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar verður þannig háttað að kaup hvers dags í kauphöll Nasdaq Ísland og Nasdaq Stokkhólmi verða að hámarki 25% af meðaldagsveltu með hlutabréf eða SDR bankans á undangengnum 20 viðskiptadögum áður en kaup gerast.

Í kauphöll Nasdaq Stokkhólmi mega kaup aðeins eiga sér stað innan þess verðbils sem gildir á Nasdaq Stokkhólmi, þar sem verðbilið nær frá hæsta kaupverði (e. best bid) til lægsta söluverðs (e. best offer) sem í gildi er og tekið saman hjá Nasdaq Stokkhólmi, allt í samræmi kafla H í viðbæti D við Reglubók fyrir útgefendur hlutafjár á aðalmörkuðum Nasdaq Nordic sem tók gildi þann 1. janúar 2024.



Í kauphöll Nasdaq á Íslandi skal verð fyrir hvern hlut að hámarki samsvara hæsta verði í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kaupboð í viðskiptakerfi Nasdaq Ísland, hvort sem hærra er, allt í samræmi við ákvæði framseldar reglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2016/1052, sem lagagildi hefur á Íslandi.

Endurkaupaáætlunin verður framkvæmd í samræmi við lög og reglur á Íslandi og í Svíþjóð, eins og við á, þar með talin Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik („MAR“) og ákvæði framseldar reglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2016/1052, sem og íslensk lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum auk reglna nr. 1275/2024 um sama efni. Viðskipti með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina verða birt opinberlega í samræmi við gildandi lög og reglur í Svíþjóð og á Íslandi, eins og við á.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Þessar upplýsingar eru birtar í samræmi við upplýsingaskyldu Arion banka hf. skv. reglugerð Evrópusambandsins um markaðssvik (MAR), þann 2025-04-11 14:05 GMT.

Viðhengi

[Arion banki: Tilkynning um framkvæmd endurkaupaáætlunar](#)